



Fimmti stjórnarfundur landsstjórnar DKG 2025-2027 var haldinn á Teams laugardaginn 25. október kl. 9:00 - 10:10

Mættar voru: Hrund Logadóttir landsforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 1. varaforseti, Ingileif Ástvaldsdóttir ritari og Lee Ann Maginnis gjaldkeri. Árný Elíasdóttir, fráfarandi forseti sat fundinn undir fyrsta lið dagskrár fundarins. Hólmfríður Jennýjar- Árnadóttir 2. varaforseti kom á fundinn undir þriðja lið. Sigríður Heiða Bragadóttir meðstjórnandi boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Vefurinn og brýning til formanna deilda - Eygló Björnsdóttir situr fundinn undir þessum lið. Frestað til næsta fundar, 17. nóvember kl. 16:00.
2. Frá ritstjórn afmælisrits DKG. Hjalagt er bréf frá ritstjórn og yfirlit yfir tilboð í prentun afmælisritsins.p
3. Umsókn um styrk frá Epsilon deild DKG vegna málþings sem er framlag deildarinnar til samfélagslegs viðburðar á 50 ára afmæli DKG. Málþingið ber yfirskriftina *Lykill að líðan – barna og unglina*.
4. Frá fundi framkvæmdastjórnar 30. ágúst sl.
Skoðum saman [skjalið](#) úr umræðuhópunum - hverju þarf að koma til framkvæmda af stjórn? Eða minna deildir á?
5. Þýðing framkvæmdaáætlunar á ensku - ÍÁ skilar drögum að þýðingu.
6. Fréttir frá fastanefndum
7. Önnur mál

Fundargerð:

1. Vefurinn og brýning til formanna deilda - Eygló Björnsdóttir situr fundinn undir þessum lið. Frestað til næsta fundar, 17. nóvember kl. 16:00.
2. Frá ritstjórn afmælisrits DKG.
Til umfjöllunar undir þessum lið eru bréf ritstjórnar dags. 19. okt. 2025 og yfirlit yfir tilboð sem ritstjórn hefur borist í prentun afmælisritsins. Tilboðin eru frá fimm prentsmiðjum.
Árný fyrrverandi forseti samtakanna sat fundinn undir þessum lið rifjaði upp fundi fyrri stjórnar sem fjölluðu um afmælisritið. Fyrri stjórn hafði samþykkt á fundi sínum þann 21. febrúar 2025 að kostnaður samtakanna við útgáfu ritsins yrði ekki meiri en 350 000 kr.
Í bréfi ritstjórnar afmælisritsins er lagt til að samtökin taki tilboði Prentmiðlunar sem er með lægsta tilboðið í prentun ritsins. Í tilboðinu er miðað við að prentun á 250 eintökum sé 625.000 kr.
Reiknað er með að ritið verði selt á a.m.k. 4000 kr. Nú þegar hafa um það bil 60 konur skráð sig fyrir kaupum á eintaki. Sú skráning fór fram á afmælisþingi samtakanna

sl. vor og þangað mættu ekki allar félagskonur. Því var samþykkt að þegar ljóst er hvenær ritið kemur út að senda bréf til formanna deilda þar sem félagskonur eru hvattar til að kaupa eintak af ritinu og að deildir kaupi einnig eintök til að eiga sem gjafir til fyrirlesara.

Stjórn samþykkti tillögu ritstjórnar afmælisritsins sem fram kemur í bréfi þeirra dags. 19. október 2025 að taka tilboði Prentmiðlunar. Stjórn hvetur ritstjórn til þess að huga að því hvernig sendingarkostnaður verði greiddur.

3. Umsókn um styrk frá Epsilondeild DKG vegna málþings sem er framlag deildarinnar til samfélagslegs viðburðar á 50 ára afmæli DKG. Málþingið ber yfirskriftina *Lykill að líðan – barna og unglinga* og fer fram fimmtudaginn 30. október 2025 kl. 17:00–19:00 í sal Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Sjá [auglýsingu](#). Markmið málþingsins er að skapa vettvang fyrir faglega, opna og fordómalaus umræðu um andlega líðan barna og ungmenna. Við skipulagningu málþingsins var lögð áhersla á fjölbreytt sjónarhorn og þátttöku fagfólks og ungs fólks.

Stjórn samþykkti að veita Epsilon deild styrk að upphæð 100 000 kr. til að halda málþingið.

4. Frá fundi framkvæmdastjórnar 30. ágúst sl.

Stjórn renndi yfir tillögur umræðuhópanna sem voru myndaðir á fundi framkvæmdastjórnar þann 30. ágúst sl. Umræða var um hvernig hægt væri að koma þessum hugmyndum til allra deilda þannig að þær nýttust sem flestum. Til að byrja með áformar Hrund forseti að nota punkta úr skjalinu í fréttabréf sín sem hún sendir reglulega inn á Facebook-síðu samtakanna.

5. Þýðing framkvæmdaáætlunar á ensku.

Ritari skilaðu drögum að þýðingu framkvæmdaáætlunar samtakanna fyrir næstu tvö ár. Í þýðingunni eru tvær útgáfur. Báðar útgáfurnar eru þýddar af þýðingarvélum; önnur þeirra inni í Google Docs og hin af Erlendi, þýðingarvél Miðeindar.

Stjórn samþykkti að fela Hrund að lesa yfir þýðingarnar og velja aðra þeirra til leiðréttingar og endanlegrar útgáfu og skila til Evrópusamtakanna.

6. Fréttir frá fastanefndum

Menntamálanefnd er með fund í næstu viku og þá kemur í ljós hver kostnaður getur orðið af heimsókn og vinnustofu Louise Evans næsta vor.

7. Önnur mál

- a. Hólmfríður benti á að hún hefði merkt upphafsglæru á erindi sem hún flutti um daginn að hún væri annar varaforseti samtakanna. Það vakti áhuga á samtökunum og fékk hún fyrirspurnir um samtökin, verkefni þess og tilgang.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 10:10

Næsti fundur verður á Teams 17. nóvember kl. 16:00.

Fundargerð skráði *Ingileif Ástvaldsdóttir*, ritari stjórnar 2025-2027